

SPÆN1SP05

Búið til: Thu, 22 May 2014 17:48:14 GMT

Titill

Spænska B

Skammstöfun

SPÆN1SP05

Útgáfunúmer

5

Námsgrein

spænska

Viðfangsefni

spænska tvö

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga er áfram lögð áhersla á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins: Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun. Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfra grunnatriði málfræðinnar. Menningu spænskumælandi landa er fléttað inn í kennsluna. Í áfanganum er gert ráð fyrir fjölbreyttri verkefnavinnu þar sem nemendur vinna ýmist einir eða í hópum. Unnið er bæði með raunefni og kennsluefni í mynd, video- og textaformi, svo sem tónlist, samtöl, fræðsluefni, blaðagreinar og auglýsingar, svo dæmi sé tekið. Markmiðið er að auka læsi nemenda á hinn spænskumælandi menningarheimi og gera þeim kleift að nota tungumálið til þess að geta tjáð sig á einfaldan hátt og nýtt sér það til að afla sér upplýsinga og þekkingar. Áfanginn verður kenndur með dreifnámsniði. Mjög mikilvægt er að nemendur skilji mikilvægi þess að mæta í tímana samkvæmt stundatöflu áfangans og vinna þau verkefni sem verða lögð fyrir inn í kennsluumsjónarkerfinu. Kennarinn mun vera til staðar á skype og/eða spjalli, verður með innleg einu sinni í viku sem tekið verður upp og verður til staðar fyrir nemendur sem ekki hafa tök á að vera með í tíma eða þá sem vilja aðeins rifja upp það sem sagt var í tíma. Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð. Námsefnið er þemaskipt og í þessum áfanga verður unnið með 4 þemu: Mi casa, mi pueblo y mi región. Comida y bebida. Ciudades, países y viajes. Nemendur velja þemu eftir áhuga og vinna verkefni tengd þeim. Málfræðiatriði og æfingar verða þó sameiginleg. Verður útskýrt nánar.

Forkröfur

5 einingar í spænsku á 1. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- menningu þeirra landa þar sem spænska er töluð
- almennum orðaforða og einföldum setningum
- mál- og samskiptavenjum
- grunnatriðum í spænskri málfræði
- tungumálinu og útbreiðslu þess

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja almennt talað mál þegar talað er skýrt og greinilega
- nota einfaldan orðaforða til að tjá sig um og lýsa hvernig og hvar hann býr og nefna séreinkenni þess
- nota einfaldan orðaforða til að tjá sig um mat og drykk og bera saman
- nota einfaldan orðaforða til að segja fra borgum, löndum og tala um ferðalög
- afla sér upplýsinga um og tjá sig um sjálfvalin málefni sem tengjast hinum spænskumælandi heimi
- nota tungumálið í einföldum samræðum
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skrifa stuttan samfelldan texta um efni sem unnið hefur verið með
- nota meginreglur í málfræði
- koma auga á blæbrigði spænskumælandi menningar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- halda samtali gangandi og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- skilja talað mál um kunnuglegt viðfangsefni m.a. úr útvarpi og sjónvarpi
- lesa stuttar blaða- og tímaritsgreinar og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- skrifa texta bæði frá eigin brjósti og samantektir á tilteknu efni
- geta borið saman eigin og framandi menningu
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd